

Skólaráðsfundur 16.nóvember 2022

Mættir: Rósa, Anna Rósa, Alla, Inga Vala, Bryndís

Stefna skólans – námaðlögun.

Bryndís útskýrði hvernig við lítum á námsaðlögun og hvernig við mætum hverjum og einum. Sagði frá að við værum óhrædd við að mæta hverjum og einum burt sé frá því hvar nemendur eiga að vera þ.e nemandi í 6. Bekk ætti að vera að vinna á 6. Þrepi en mörg eru að vinna á 5. Þrepi eða neðar og einnig ofar. Sagði frá hvernig við værum að mæta einstaka nemendum í 1.bekk.

Námsmarkmið – notkun námsmarkmiða.

Námsmarkmið er hakað í og fylgir það því þrepi sem nemandi er að vinna að hverju sinni. Gæðaráð fylgist með innra mati skólans út frá stefnu skólans. Við erum að hugsa um að fara í vinnu í markmiðum fyrir skólann. Síðast var unnið í markmiðum 2016 og finnst okkur vera komin tími á að yfir fara þau.

Önnur mál:

- ✚ Böll fyrir yngsta – og miðstig bréf sem barst frá foreldrafélaginu. Vantaði meira utanum hald frá kennurum. Kennarar upplifðu ballið vel. Mikilvægt er að gera verklag fyrir foreldra um hvað er ætlast til að þeim í gæslu og frágangi.
- ✚ Þátttaka Naustaskóla í Fiðring: Við tókum þátt í fyrra og lentum við í þriðja sæti sem var frábær árangur. Við ætlum að taka þátt aftur og ætlar Silla kennari að sjá um þetta verkefni.
- ✚ Forföll/ leyfi starfsmanna: Verið er að auglýsa eftir kennara í 4. og 5. bekk auglýsing númer tvö er úti núna en það hefur engin sótt um sem hefur menntun. Ástandið er því erfitt. Einnig erum við að fara auglýsa eftir skólaliðum og stuðningsfulltrúum.
- ✚ Rætt um þemadagana sem eru í næstu viku.
- ✚ *Góðgerðardagur* sem foreldrafélagið hefur verið rætt um- ákveðið að næsti skólaráðsfundur fari í skipulag dagsins. Næsti fundur er miðvikudagurinn 14. Desember kl: 15:00. **Vinnufundur.**